



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/27/13
komudagur 14.5.2008



Reykjavík, 13. maí 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010 (þskj. 835 – 534. mál)

Framkvæmdaáætlunin er metnaðarfull og líkleg til árangurs í barnaverndarstarfi hér á landi. Tekið er undir mikilvægi þess að styrkja barnaverndarstarfsmenn í starfi sínu, bæði með því að bjóða upp á nám í samvinnu við Háskóla Íslands og eins með reglulegu námskeiða- og fræðslustarfi. Forsendan fyrir því að hægt verði að vinna samkvæmt þessari áætlun er að ráðuneytið tryggi fjármagn og því ber að fagna þeim áherslum sem kom fram í þeim efnunum.

Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi:

Velta má fyrir sér hlutverki barnaverndar í forvarnastarfi sérstaklega er varðar að styðja við börn og foreldra þeirra þegar vandamál eru nýkomin upp þó þau mundu ekki teljast alvarleg samkvæmt skilgreiningu barnaverndar. Þannig getur foreldri séð merki þess að barn sé byrjað í fíkniefnaneyslu og þarfnast aðstoðar sem hægt væri að hjálpa með stuttu inngripi. Þannig gæti PMT eða önnur foreldrafærni námskeið komið að miklu gagni og því væri mikilvægt að leggja áherslu á að koma slíku á fót sem fyrst. En miðað er við að áætlun liggi fyrir árið 2010.

Tekið er undir mikilvægi þess að kanna sérstaklega dauðsföll barna en slík nefnd gæti einnig haft það hlutverk að kanna þegar alvarlegir áverkar finnast á börnum á Slysadeild eða innan heilbrigðiskerfisins.

Mikilvægt væri einnig að kanna viðhorf þeirra sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af. Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd hefur verið að kynna rannsókn sem núna er unnin í Noregi um þetta málefni.

Miklu skiptir að vera í góðu sambandi við Samband íslenskra sveitarfélaga um ákveðna þætti framkvæmdaáætlunarinnar, eins og fram kemur.

Virðingarfyllst,
f.h. Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd

Jóhanna Rósa Arnardóttir
Jóhanna Rósa Arnardóttir
Forstöðumaður
Sími: 525-5200
Tölvupóstur: rbf@hi.is